

Auglýsing

frá skráritara vörumerkja í Reykjavík um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið 1909.



Skrás. 1909 nr. 1. Tilkynt 16. febr. 1909, kl. 10 árdegis, af »*Det danske Petroleums-Aktieselskab*«, verslunarfjølagi í *Kaupmannahöfn*, og skrásett 20. s. m.

Lýsing á merkinu: Innan í hring með fjórum innskotum er jarðarhnöttur og yfir hann er prentað í þrem línum *Globolin*, *Petroleum*, og *D. D. P. A.* Orðið *Globolin* stendur í línu bogadreginni niður á við og bókstafirnir *D. D. P. A.* í línu bogadreginni upp á við. Neðst eru þrjár stjörnur.

Vörumerkið á eingöngu að ná til steinolíu, nafta og annara lýsingarvökva. Orðið *Globolin* skal skoða sem sjerstakt tilbúið heiti fyrir þessar vörutegundir.

Merkið er áður skrásett í *Kaupmannahöfn* 9. f. m. samkv. tilkynningu dags. 6. s. m.



Skrás. 1909 nr. 2. Tilkynt 16. febr. 1909, kl. 10 árdegis, af »*Det danske Petroleums-Aktieselskab*«, verslunarfjølagi í *Kaupmannahöfn*, og skrásett 20. s. m.

Lýsing á merkinu: Innan í bláum hring með fjórum innskotum er blár jarðarhnöttur og yfir hann er prentað með bláum lit í þrem línum: *Globolin*, *Petroleum* og *D. D. P. A.* Orðið *Globolin* stendur í línu bogadreginni niður á við og bókstafirnir *D. D. P. A.* í línu bogadreginni upp á við. Neðst eru þrjár bláar stjörnur.


Vörumerkið á eingöngu að ná til steinolíu, nafta og annara lýsingarvökva. Orðið: *Globolin* skal skoða sem sjerstakt tilbúið heiti fyrir þessar vörutegundir.

Merkið er áður skrásett í *Kaupmannahöfn* 9. f. m. samkv. tilkynningu dags. 6. s. m.


Skrás. 1909, nr. 3. Tilkynt 16. júlí 1909, kl. 6 síðd., af *Bass, Ratcliff & Gretton, Limited*, ölgerðarmönnum, *Burton-on-Trent*, og skrásett 30. s. m.

Skrás. 1909, nr. 4. Tilkynt 16. júlí 1909, kl. 6 síðd., af *sama* og skrásett 30. s. m.

121



Lýsing á merkinu: Þrír sporöskjulağaðir hringir hver utan um annan. Milli ysta hringins og miðhringsins standa orðin: THIS LABEL IS ISSUED ONLY BY BASS, RATCLIFF & GRETTON, LIMITED — BREWERS, BURTON-UPON-TRENT. Milli miðhringsins og inna hringins er skrautteiðning. Botninn innan í inna hringnum er útflúraður og í honum ofanverðum er þríhyrningur, en neðantil í honum standa orðin *Trade Mark*. Yfir þríhyrningnum stendur í boga: *Bass & Co. Pale Ale*, en undir honum stendur: *Bass & Co* með rithandarprenti.



Lýsing á merkinu: Þrír sporöskjulağaðir hringir hver utan um annan. Milli ysta hringins og miðhringsins standa orðin: THIS LABEL IS ISSUED ONLY BY BASS, RATCLIFF & GRETTON, LIMITED — BREWERS, BURTON-ON-TRENT. Milli miðhringsins og inna hringins er skrautteiðning. Botninn innan í inna hringnum er útflúraður og í honum ofanverðum skáferhyrningur og vinstra megin við hann ofanverðan standa orðin: *Bass & Co.*, neðantil í honum orðin *Trade Mark*, en undir honum stendur: *Bass & Co* með rithandarprenti.



Skrds. 1909, nr. 5. Tilkynt 16. júlí 1909, kl. 6 síd., af *sama*, og skrásett 30. s. m.

Lýsing á merkinu: Flötur að lögun sem skáferhyrningur.



Skrds. 1909, nr. 6. Tilkynt 16. júlí 1909, kl. 6 sídd., af *sama*, og skrásett 30. s. m.

Lýsing á merkinu: Flötur að lögun sem jafnhliða þríhyrningur.


Öll fjögur ofangreind merki, sem skrásett voru í London 10. febr. 1888 (43. flokki), og síðan endurnýjuð þar, eiga eingöngu að ná til öldrykkja.



Skrds. 1909, nr. 7. Tilkynt 16. september, kl. 5 sídd., af *Det danske Petroleum-Aktieselskab*, verslunarfélagi í *Kaupmannahöfn*, og skrásett 18. s. m.

Lýsing á merkinu: Skjöldur, en ofantil á honum stendur í línu bogadreginni upp á við orðið: TRIUMPH, en neðantil í línu bogadreginni niður á við orðið: BENZIN, hvorttveggja í feldum, sem eru með sömu lögun og samtengdir með hringmynduðum feldi, og í honum standa bókstafirnir D. D. P. A., en fyrir neðan þá eru þrjár stjörnur. Utan um þessa feldi er skjöldurinn krotaður.

Merkið, sem áður er skrásett í Kaupmannahöfn 26. júní þ. á., samkv. 121 tilk. dags. 29. maí s. á., er að eins skrásett fyrir benzín, og orðið Triumph skal nota sem sjerstakt tilbúið heiti fyrir þá vörutegund.



Skrás. 1909, nr. 8. Tilkynt 16. september, kl. 5. síðd., af *sama verzlunarfjelagi*, og skrásett 18. s. m.

Lýsing á merkinu: Rauður þríhyrningur takmarkaður af mjórri svartri línu og á honum stendur orðið: *Alfa* með svörtum bókstöfum.

Merkið, sem áður er skrásett í Kaupmannahöfn 26. júní þ. á. samkv. tilk. dags. 12. maí s. á., er að eins skrásett fyrir steinolíu, nafta og aðra lýsingarvökva, og orðið *Alfa* skal nota sem sjerstakt tilbúið heiti fyrir þessar vörutegundir.



Skrás. 1909, nr. 9. Tilkynt 25. september, kl. 6 síðd., af *Aalborg Portland — Cement Fabrik*, verksmiðjuíðnaðar-hlutafjelagi í *Aalborg*, og skrásett 28. s. m.

Lýsing á merkinu: Innan í hring, þar sem stendur nafn tilkynnenda, er ljón, sem situr á stöpli með árituninni: *Aalborg*, og heldur skildi með öðrum framfæti, en á skildinum er ljósleitur kross á dökkum grunni.

Merkið er áður skrásett í Kaupmannahöfn 3. júní 1898, samkv. tilk. dags. 27. maí s. á.

Skrifstofu vörumerkjaskráritarans í Reykjavík 31. des. 1909.